



Reykjavík, 9. september 2024

MSS24080080

UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Deild samgangna og borgarhönnunar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 4. september 2024, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að gjaldskyldu sé breytt á núverandi gjaldsvæði P2 í gamla Vesturbænum svokallaða yfir í gjaldsvæði P4, með það fyrir sjónum að mæta ábendingum íbúa svæðisins um óþarflega dýra gjaldskrá á svæðinu. Átt er við það svæði sem nær frá Reykjavíkurtjörn til Hringbrautar, Hofsvallagötu, Nýlendugötu og Mýrargötu. Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillögunni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar, dags. 4. september 2024.

Umsögn:

Skrifstofu samgangna og borgarhönnunar hafa borist óskir frá íbúum á svæðinu í anda þess sem hér er lagt til, þ.e. um að gjaldskyldutími nái ekki fram á kvöld eða sé ekki um helgar. Gjaldskylda var tekin upp á svæðinu vestan Ægisgötu haustið 2023, þ.e. fyrir rétt um einu ári. Miðað við reynsluna frá fyrri stöðum þar sem komið hefur verið á gjaldskyldu þá tekur tíma að fá fram jafnvægi svo hægt sé að segja til með fullvissu hver áhrifin eru af gjaldskyldunni.

Gjaldsvæði sem Bílastæðasjóður er með eru fjögur en gjaldsvæði P4 er þó eingöngu notað innan lóða, þar sem Bílastæðasjóður sér um innheimtu á gjaldi fyrir hönd þriðja aðila. Gjaldsvæðum P4 fer fækkandi með tilkomu fyrirtækja sem taka að sér að innheimta gjöld fyrir afnot af bílastæðum fyrir einkaaðila. Dæmi um svæði með gjaldsvæði P4 er innan lóðar Höfðatorgs, Borgartúni 12-14 og við Háskóla Íslands í „skeifunni“ en Háskólinn hyggst taka það svæði yfir um leið og gjaldskylda verður tekin upp á stærra svæði við Háskólann.

Gjaldsvæðisflokkar sem bílastæðasjóður vinnur með fyrir götur borgarinnar eru því P1, P2 og P3. En gjaldtími og gjaldskrá þeirra er eftirfarand:

- P1: 600 krónur á klukkustund. 9–21 virka daga og 10–21 laugardaga og sunnudaga. Hámarkstími er 3 klst.
- P2: 220 krónur á klukkustund. 9–21 virka daga og 10–21 laugardaga og sunnudaga.



Reykjavík



- P3: 220 krónur á klukkustund fyrstu tvær klukkustundirnar. Eftir það 65 krónur. 9–18 virka daga.

Tilgangur gjaldskyldu á bílastæðum er að stuðla að því að bílastæði séu aðgengileg þeim sem þurfa á þeim að halda, þ.e. að einhver stæði séu laus á hverjum tíma en nýtingin sé á sama tíma eins góð og unnt er. Í samþykktum verklagsreglum er miðað við að æskilegt sé að nýting bílastæða sé á 60-85%. Áður en gjaldskylda var tekin upp á svæðinu var nýtingin yfir þeim mörkum á stórum hluta svæðisins, stóran hluta dagsins. Í dag er nýtingin mun nær, þannig að gestir eða þeir sem koma seint heim eru líklegri til að fá bílastæði nærri áfangastað. Nýting á bílastæðunum vestan Ægisdötu, þar sem ekki er komin gjaldskylda, er heldur meiri en fyrir stækkun gjaldskyldusvæðisins og hafa íbúar þar kallað eftir gjaldskyldu en á sama hátt og ekki er talið rétt að breyta strax um gjaldflokk er heldur ekki talið rétt að stækka gjaldsvæðið strax. Það er því ekki talið tilefni til að breyta um flokk gjaldsvæðis á því svæði sem tillagan nær til að svo stöddu en eins og fram til þessa verður fylgst með svæðinu.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri



Reykjavík